

**Mál nr. 297/2025**

**Nafn málskotsaðila (M)**

**Nafn varnaraðila (V)**

**Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.**

**Nafn váttryggingartaka (X)**

### **Skaðabótaábyrgð. Sönnun.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 25. ágúst 2025.
2. Athugasemdir V, dags. 28. september 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 6. október 2025, ásamt fylgiskjali.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 29. október 2025.
5. Viðbótarathugasemdir M, dags. 10. desember 2025.
6. Viðbótarathugasemdir V, dags. 13. janúar 2026, ásamt fylgiskjali.

**Málsatvik.**

Í málskoti og gögnum málsins kemur fram að málið er tilkomið vegna atviks sem átti sér stað 17. maí 2025 þegar vatn lak inn í kjallara húseignar M eftir að upp kom leki í dreifiað í eigu X. Leiddi lekinn til tjóns á gólfefni og innbúi. Í málskoti byggir M á því að umræddur leki hafi staðið yfir um nokkurt skeið og hafi kjallarar í þemur húsum auk hans, fyllst af vatni, þó mismikið. M telur að X beri skaðabótaábyrgð á tjóninu þar sem það megi rekja til vanrækslu varðandi rekstur og skorti á eftirliti með vatnsveitukerfi af hálfu X. Bendir M m.a. á að umfang tjónsins og fjölmargir lekapunktur og tenging við nýlegar framkvæmdir sýni að ekki hafi verið um „ófyrrisæða bilun“ að ræða eins og X haldi fram. Í málskoti færir M frekari rök máli sínu til stuðnings.

Í athugasemdum V til nefndarinnar, dags. 28. september 2025, er bótaábyrgð X hafnað. Bendir V á að bótaskylda stofnist ekki úr ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar nema sá sem telur sig hafa orðið fyrir tjóni sýni fram á að saknæm og ólögmat háttsemi starfsmanna X hafi leitt til tjónsins. Sönnunarbyrðin hvað þetta varði hvíli á M. Telur V að sú sönnun hafi ekki tekist. Mótmælir V þeirri fullyrðingu M að tjónið sé til komið vegna gáleysis og vanrækslu starfsmanna X hvað varðar rekstur veitukerfisins þar sem lekinn hafi ekki verið greindur fyrr og að um vanrækslu á eftirlitsskyldu starfsmanna X sé um að kenna. Telur V þvert á móti liggja fyrir að tjónið hafi stafað af ófyrrisjáanlegri bilun í dreifiað. Tekur V fram að samkvæmt upplýsingum frá X hafi umrædd plastlögn verið í góðu ástandi þegar tjónið átti sér stað og engin bilun hafði verið skráð á þeim lagnabút sem bilaði í umrætt sinn. Því hafi starfsmenn X ekki haft neina ástæðu til að efast um ástand lagnarinnar enda hafi þeir ekki vitað af lekanum fyrr en M tilkynnti um tjónið. Þá mótmælir V því einnig að breytingar á þrýstingi vegna tiltekinnna framkvæmda X hafi valdið lekanum, enda hafi X átt að meta áhættu vegna eldri lagna á svæðinu í kjölfar þeirra framkvæmda. Vísar V til þess að X kannist ekki við framkvæmdir á svæðinu sem gætu hafa valdið óeðlilegum þrýstingi. Mælar hafi sýnt mjög stöðugan þrýsting. Að lokum bendir V á að samkvæmt 3. mgr. 4. gr. reglugerðar um tæknilega tengiskilmála hitaveitna undanþiggi X sig, að svo miklu leyti sem lög um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991 heimila, bótaábyrgð á tjóni, jafnt beinu sem óbeinu, sem rekja má til rekstrarstöðvanna, frosts, bilana, þrýstibreytinga, takmarkana á afhendingu heits vatns eða annarra óviðráðanlegra atvika.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 6. október og 10. desember 2025, er að finna ítarleg andsvör og frekari rök V þess efnis að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni M. Mótmælir M því m.a. sérstaklega að umrætt tjón verði rakið til ófyrrisæðrar bilunar á lögninni, enda telur M að sú lýsing X standist ekki þegar litið sé til gagna, m.a. frá X, og vettvangslýsingar. Telur M fyrirliggjandi gögn sýna að áður hafi farið fram viðgerð á lögninni, að fleiri en einn lekapunktur hafi verið á sömu línu, að nýlega hafi komið upp tjón á sömu lögn, þ.e. skömmu eftir hið umþrætta tjón, og að X hafi haft tæknileg úrræði til að greina frávik án þess að gera það. M telur sig því hafa sýnt fram á að tjónið verði rakið til vanrækslu í viðhaldi og eftirliti af hálfu X.

Í viðbótarathugasemdum V, dags. 13. janúar 2026, eru færð frekari rök fyrir því að X beri ekki skaðabótaábyrgð á tjóni M. Ítrekar V einnig að X beri ekki hlutlæga ábyrgð á tjóni heldur þurfi M að sýna fram á að tjónið sé að rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanna X. Telur V að fyrirliggjandi gögn geri það ekki.

**Álit.**

Samkvæmt framansögðu snýst ágreiningur aðila um það hvort M eigi rétt til skaðabóta úr ábyrgðartryggingu X vegna tjóns síns. Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt.

M sem byggir málatilbúnað sinn mestmegnis á eigin frásögn, hefur ekki lagt fram nein önnur gögn máli sínu til stuðnings, sem gætu bent til skaðabótaábyrgðar X. Liggja því engin frekari gögn fyrir nefndinni, svo sem mats- eða álitsgerð frá óhlutlægum sérfræðingum, sem gætu sýnt fram á annað. Þá byggir X á að tjónið verði rakið til ófyrirsjáanlegrar bilunar í dreifiað. Verður því að telja framangreindar fullyrðingar M um ástæður lekans ósannaðar. Þar sem M ber hallann af sönnunarskorti hvað framangreint varðar er því óhjákvæmilegt, eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, að hafna kröfu hans.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt til skaðabóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 27. janúar 2026.  
rafræn undirskrift ,

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir